

Stjórnarfundur STEFs 24. apríl 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 24. apríl 2026 kl. 10:00 á Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir, Halldór Smáráson og Bragi Valdimar Skúlason sem sótti fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 10. mars 2026 og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Lagt fram lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til dagsins í dag.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Umsögn STEFs í samráðsgátt um hækkun refsiramma stórfelldra eða ítrekaðra höfundaréttarbrotu.
- b) Samskipti við GESAC vegna aðildarumsóknar STEFs.

Undir þessum lið var nokkuð rætt um nýliðinn fund sendinefndar Íslands frá menningarmálaráðuneytinu með Spotify í Stokkhólmi, þar sem ráðherra var með í för ásamt framkvæmdastjóra STEFs og framkvæmdastjóra Tónlistarmiðstöðvar.

Undir þessum lið var einnig rætt um samræmingu á þeim greiðslum sem STEF greiðir til þeirra sem koma sem fyrirlesarar eða til að annast fræðslu á vegum samtakanna.

Stjórnarmenn voru einnig jákvæðir fyrir því að skoða hvort grundvöllur sé fyrir því að STEF nýti sér fyrirtækið *GLANCE* til frekari eftirfylgni með flutningi íslenskra sjónvarps- og kvikmynda erlendis, sem getur leitt til hærri tekna til STEFs.

Þá var rætt um að skoða betur *CORA*, sem er í eigu STIM, sem vettvangur fyrir bæði íslenska auglýsendur og tónhöfunda vegna tónlistar í auglýsingum á samfélagsmiðlum.

3. Vörusýningar verðskrárbreytingar.
Fyrir fundinn var lögð fram tillaga að breytingu á verðskrá vegna vörusýningum til einföldunar. Var tillagan samþykkt og tekur breytingin þegar gildi.
4. Stefnumótun stjórnar og starfsfólks – staða og eftirfylgni.
Lagt fram minnisblað frá 8. apríl 2026, um stöðu ýmissa mála sem rædd höfðu verið á stefnumótunarfundum bæði stjórnar og starfsfólks. Mörg þessara atriða hafa þegar verið framkvæmd eða eru í vinnslu nú þegar.
5. Breyting á aðildarsamningi STEFs – grafísk framsetning nótna og texta á netinu.
Ákveðið var að bæta flokki við aðildarsamning STEFs, þannig að STEF gæti farið með hagsmunagæslu hvað varðar „grafíska framsetningu“ nótna og texta á netinu. Nú þegar hafa a.m.k.

tvenn systursamtök STEFs á Norðurlöndunum bætt þessu við sína aðildarsamninga. Þá hefur verið rætt um það, hvort samtökin á Norðurlöndunum sameinist um að semja sameiginlega um þessi réttindi, sem í dag virðist oftast en ekki eða alls ekki greitt sérstaklega fyrir. Ákveðið var enn fremur að bjóða eldri meðlimum að bæta þessum flokki við aðildarsamning sinn.

6. Eftirfylgni með styrkveitingum – mat á áhrifum.

Eitt af því sem kom út úr stefnumótun stjórnar og starfsmanna á dögnum, var að reyna að meta betur samfélagsleg áhrif STEFs. Í framhaldi af því kom upp sú hugmynd að senda staðlaða könnun á alla styrkþega, þar sem reynt er að meta áhrif styrkveitingarinnar. Farið var yfir drög að spurningum í slíkri könnun og ákveðið að fækka nokkuð spurningunum til einföldunar, svo og að senda könnunina út u.þ.b. sex mánuðum eftir hverja styrkveitingu.

7. Samfélagsmiðlastefna STEFs – endurskoðun.

Lögð voru fram drög að nýrri samfélagsmiðlastefnu STEFs, en sú eldri var samþykkt af stjórn 2016 og því orðið nokkuð úrelt. Stefnan skilgreinir markmið, markhópa, miðla, efnistegundir, tón og ábyrgð, með áherslu á faglega, fræðandi og hlutlausa miðlun, persónuvernd og skýra verkaskiptingu. Stefnan verður endurskoðuð reglulega. Var hin nýja samfélagsmiðlastefna samþykkt með smávægilegum breytingum.

8. Þjónustukönnun STEFs – drög að könnun 2026.

Drög að þjónustukönnun STEFs 2026 var lögð fyrir fundinn, en slík könnun hefur verið lögð fyrir meðlimi STEFs á tveggja ára fresti undanfarin ár. Í ár verður sérstök áhersla lögð á að spyrja meðlimi um afstöðu þeirra til sk. uppkaupssamninga og reynslu þeirra af samningum við forleggjara, kvikmyndaframleiðenda og annarra. Voru drögin að könnuninni samþykkt með nokkrum breytingum og viðbótum. Verður könnunin lögð fyrir að loknu sumarfríi.

9. Breytingar á samþykktum – viðbót vegna sjóða STEFs.

Farið var yfir tillögu að breytingum að samþykktum, sem lagðar verða fyrir fulltrúaráðsfund og þá sérstaklega þau ákvæði sem lúta að sjóðum STEFs, en skv. ábendingum endurskoðanda STEFs, þá var ákveðið að setja skýrari ákvæði í samþykktirnar um þá sjóði sem STEF rekur, þá fjármuni sem til þeirra renna og hvernig stjórnarfyrikomulagi þeirra er háttað. Var tillagan samþykkt með smávægilegum breytingum.

10. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Farið var yfir dagskrá fundarins sem verður boðaður fljótlega, svo og hvernig fyrirkomulag verður varðandi stjórnarkjör. Rætt var um hvort stjórnarkjör ætti að vera rafrænt, en horfið var frá því vegna kostnaðar. Í þessu sambandi var minnt á að þau sem vilja gefa kost á sér í stjórn (og eru sjálfkjörin) þyrftu að skila inn yfirlýsingu um hugsanlega hagsmunaárekstra í samræmi við samþykktir STEFs.

11. Tilnefning í stjórn Tónlistarmiðstöðvar og í stjórn Nótñasjóðs STEFs.

Ákveðið var að Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri, héldi áfram stjórnarsetu í stjórn Tónlistarmiðstöðvar fyrir hönd STEFs svo og að Bergur Þórisson myndi setjast í stjórn Nótñasjóð STEFs, ef hann samþykkti slíkt.

12. Önnur mál.

Bragi Valdimar tók saman með aðstoð tækninnar sjónrænt mælaborð úr upplýsingum úr ársreikningum STEFs undanfarin ár. Rætt var um hvort STEF gæti ekki birt slíkar upplýsingar á heimasíðu sinni, auk þess hvort hægt væri að nota svipaðar aðferðir á “Mínum síðum” fyrir tónhöfunda.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi var slitið kl. 13:00.